

6. fundur skólanefndar vegna Undralands árið 2017, haldinn 31. október 2017 í leikskólanum kl. 15:00. 19. fundur kjörtímabilsins 2014 – 2018.

Mætt til fundar: Bjarney Vignisdóttir, formaður sem ritaði fundargerð, Jón Bjarnason, Vigdís Furuseð, Ingibjörg Bjarney Baldursdóttir, leikskólastjóri, Freyja Þorkelsdóttir, fulltrúi starfsfólks og Jóhanna Bríet Helgadóttir varamaður Fríðar Sæmundsdóttur, fulltrúi foreldraráðs.

Dagskrá

- 1. Skýrsla leikskólastjóra**
- 2. Tillaga að fjárhagsáætlun og gjaldskrá fyrir árið 2018**
- 3. Vistunarmál**
- 4. Önnur mál**

Formaður setti fundinn og bauð viðstadda velkomna

Gengið var til dagskrár

1. Skýrsla leikskólastjóra

- Hefðbundið starf á leikskólanum er nú komið í nokkuð fastar skorður. Börnin hafa verið frísk og mætt vel. Sama má segja um starfsfólk en alltaf er eitthvað um veikindi og svo hafa nokkrir starfsmenn tekið sér launalaust leyfi.
- Þrír starfsmenn hafa verið í staðlotum í HÍ, í mislangan tíma og tvær voru í vettvangsnámi sem þær máttu taka hér í leikskólanum. Elín Hannibalsdóttir hefur komið inn þegar flestir hafa verið í burtu og það er ómetanlegt að hafa starfsmann eins og hana á „kantinum“, hún þekkir öll börnin og starfið líka.
- Leikskólinn lokaði tvo föstudaga í október, annan daginn var Menntakvika í HÍ þar sem starfsfólk sat fyrirlestra og seinni daginn var síðan Haustþing 8. deildar FL og FSL á Selfossi.
- Um næstu mánaðarmót byrjar eitt barn hjá okkur og mögulega þarf aukinn stuðning vegna þess. Einnig er umsókn fyrir árgamalt barn á borð skólastjóra og geri ég ráð fyrir að það barn byrji núna 1. nóv.
- Óformleg könnun var gerð í foreldraviðtölum um þörf fyrir aukna vistun, annarsvegar að opna fyrr að morgni (taka gjald fyrir) og hins vegar að hafa opið til 16:15. Nokkur

áhugi var fyrir þessu og þarf að skoða hvernig verður brugðist við því. Nú þegar tökum við á móti börnum 7:45 og hefur þurft að fjölga starfsfólki en erfiðara getur orðið að manna tímenn eftir fjögur nema með yfirvinnu.

- Kynningarfundir deilda voru í október og voru þeir vel sóttir. Deildarstjórar kynntu starfið og Valdís sat einnig fundina. Á þessum fundum skapaðist jákvæð umræða um leikskólann.
- Aðalfundur foreldrafélagsins var í byrjun október og var hann nokkuð vel sóttur. Freyja kynnti vináttuverkefnið með bangsanum Blæ, kosið var í stjórn og einn fulltrúi var kosinn í foreldraráð.
- Við fengum heimsókn sálfræðings frá Skólaþjónustunni en þetta var tilraunaverkefni þar sem sálfræðingur fór í heimsókn í leikskólana og hægt var að ræða við hana um þau börn sem við höfðum áhyggjur af og fá ráðleggingar. Nokkur börn eru í ferli hjá Skólaþjónustunni og gengur misvel að klára þau mál.
- Nokkur foreldraviðtöl með túlk eru eftir en í þeim viðtölum sem búin eru hefur komið fram almenn ánægja með leikskólann, börn og foreldrar eru ánægð.

2. Tillaga að fjárhagsáætlun og gjaldskrá fyrir árið 2018

Leikskólastjóri fór yfir tillögu að fjárhagsáætlun og gjaldskrá Undralands fyrir árið 2018. Áætlunin gerir ráð fyrir að heildarkostnaðurinn verði rúmlega 88 milljónir sem er nánast á pari við áætlun vegna 2017. Gert er ráð fyrir að einingaverð á mat úr mötuneyti hækki úr 330 kr. í 340 kr., hressing úr 72 kr. í 73 kr. og síðdegishressing úr 109 kr. í 112 kr. Ekki er gert ráð fyrir neinum hækkunum á leikskólagjöldum þetta ár. Skólanefnd samþykkir tillögu að fjárhagsáætlun og gjaldskrá fyrir leikskólann árið 2018.

3. Vistunarmál

Vistunarmál í leikskólanum rædd. Gerð var óformleg könnun meðal foreldra um hvort þeir myndu nýta sér vistun frá 7:45. Í ljós kom að nokkuð margir foreldrar myndu vilja nýta sér þennan aukna vistunartíma. Stefnt er að því að bjóða upp á þennan möguleika frá næstu áramótum ásamt því að foreldrum barna með vistunartíma frá 9:00 býðst að sækja um vistunartíma frá klukkan 8:45.

4. Önnur mál

- a) Vistun 12 mánaða barns, umsóknir um undanþágur. Leikskólastjóri lagði fram 1 umsókn um undanþágu sbr. 6 gr. vistunarreglna leikskólans. Skólanefnd samþykkir umsóknina.

Fleira ekki gert. Fundargerð lesin yfir og samþykkt.

Fundi slitið kl: 16:00